
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2007-02
Fundartími:	Þriðjudagur 6. mars 2007 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun ársins 2006 og fréttatilkynning.
	2) Skipulag gagnasöfnunar og úrvinnslu.
	3) Notkunarflokkar raforku 2006.
	4) Aflþörf raforkukerfisins 2006.
	5) Hitastigsleiðrétting.
	6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Pétur E. Þórðarson Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason Sigurður Ágústsson Ásgeir Sigtryggsson

- 1) JV fór yfir raforkunotkun ársins 2006 og sagði að þó nokkuð mál hefði verið að fá gögnin frá Landsneti til að stemma við uppgefnar tölur hvað varðar töp. Hann sagði að frávikið í flutningstöpunum milli Landsnets og okkar væri nú 0,7 GWh. Nokkur vinna væri við að finna skekkjuna og lagfæra í gögnum orkuspárnefndar og varla þess virði að vera að eltast við það frekar. Hann taldi að þessi skekkja væri ásættanlegt þó æskilegast væri að vera með nákvæmlega sömu töluna. Samþykkt var að ganga frá tölunum eins og þær eru núna og setja töflurnar á heimasíðu orkuspárnefndar.

JV dreifði drögum 3 að fréttatilkynningu og sagðist hafa lagfært hana miðað við nýjustu tölur. Einnig sagðist hann hafa breytt henni þannig að öll notkun stóriðju er sýnd á mynd með almennri forgangsorku og því ekki sýnd nein ótryggð orka hjá stóriðju. ÍP ætlar að athuga hvort Orkustofnun vilji senda þessa fréttatilkynningu út eins og í fyrra. Ef svo er mun hún verða sett á heimasíðu orkuspárnefndar þegar hún hefur verið send út. ÍP lætur JV vita hvenær setja má hana á heimasíðu orkuspárnefndar.

- 2) Íris sagði að ÁS vildi gjarnan að orkuspárnefnd skilgreindi betur hvaða gögn nefndin vildi fá. JV sagði að það lægi fyrir en hægt væri að taka það betur saman ef þörf væri talin á því. Talið var rétt að ÁS og Haukur færu yfir þessi mál þar sem Haukur tekur nú við þessari söfnun. Haukur mun boða ÁS á fund til að fara yfir skipulag gagnasöfnunar frá Landsneti.
- 3) IB fór yfir tölur um notkun síðasta árs eftir notkunarflokkum sem komnar eru. Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða og Norðurorka hafa skilað gögnum. Gögn vantar ennþá frá Rarik, Rafveitu Reyðarfjarðar og Orkuveitu Húsavíkur. PEP sagði að gögnin væru væntanleg frá Rarik næstu daga. ÍP sagði að Orkustofnun væri búin að gefa það út að töpin sem fást út frá notkunarflokkunum væru þau sem þeir miðuðu við þegar settur er tekjurammi fyrir dreifiveiturnar.
- 4) JV sagði að ekki hefði verið unnið frekar í úrvinnslu aflagna þar sem gögn frá Landsneti urðu ekki endanleg fyrr en í dag.
- 5) Rætt var um hitastigsleiðréttingu raforkunotkunar út frá þeim upplýsingum sem Trausti Jónsson kom með á síðasta fund. JV sagði að áhugavert væri að framlengja athugun sem Trausti talaði um fram á daginn í dag en hún var unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. GA sagðist hafa rætt um það við Hrein Frímannsson sem lét gera þá athugun og teldi hann ekki þörf á því þar sem greinargerðin hefði ekki nýst þeim. JV sagði að áhugavert væri að miða hitastigsleiðréttingu við "trendlínu" eins og Trausti sýndi ef miðað væri við að það væri líklegasta þróunin miðað við þá þekkingu sem nú liggur fyrir. Fundarmenn ætla að hugleiða það fram að næsta fundi. Íris sagði að áhugavert væri að skoða hitastigsstuðlana með það í huga að uppfæra þá miðað við notkun síðustu ára. JV var falið að skoða það.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:50. Næsti fundur ákveðinn 3. apríl 2007.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2006. Drög 3

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkuvinnslu og notkun á árinu 2006..
- Tafla um raforkunotkun skv. notkunarflokkum 2006.